

19.3.2009

Alþingi
Erindi nr. P 136/1351
komudagur 20.3.2009

Efnahags- og skattanefnd Alþingis

Eftirfarandi er umsögn Ríkiskaupa um ofangreinda tillögu til þingsályktunar:
194. mál

Með tilvísun til erindis nefndarinnar dags. 17. mars s.l. vegna tillögu til þingsályktunar um skyldu lánastofnana í meirihlutaeigu ríkisins til að leita tilboða í innleyst fyrirtæki og/eða rekstrareiningar vilja Ríkiskaup koma eftirfarandi á framfæri:

Ríkiskaup telja að við ráðstöfun þessara verðmæta skuli ávallt bjóða þær til sýnis og sölu með opinberri auglýsingu. Í auglýsingunni skal taka fram hvar nánari upplýsingar eru veittar, skilafrest tilboðs ásamt öðrum þeim atriðum er söluna varða. Lágmarksverð skal ákveðið fyrirfram að höfðu samráði við eiganda bankans (fjármálaráðuneyti).

Þessi aðferð hefur verið viðhöfð við sölu eigna ríkisins og hefur gagnast vel og tryggir jafnræði og gegnsæi sem eru grundvallar reglur í opinberum innkaupum þar sem verið er að ráðstafa opinberum fjármunum.

Ríkiskaup telja einnig nauðsynlegt að settar verði reglur um ráðstöfun þessar eigna og þær birtar opinberlega.

Um ráðstöfun eigna ríkisins gildir reglugerð nr. 206/2003 og er vísað til hennar hér.

Virðingarfyllst
f.h. Ríkiskaupa

Júlíus S. Ólafsson
Forstjóri

Guðmundur I. Guðmundsson
Yfirlögfræðingur